

aðila. Hefur bæjarstjórn Hornafjarðar tekið afstöðu til athugasemda og látið gera smávægilegar breytingar með tilliti til þeirra.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 25. október 1999.

Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar
og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 371/1987,
sbr. samþykktir nr. 140/1996 og 582/1996.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-hluta (i) 62. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. orðast svo:

Tækninefnd. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón með verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins og vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumálum, eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.

b. Í stað orðanna „veitu- og umhverfisnefnd“ í upphafi 10. tölul. kemur: Umhverfisnefnd.

c. Eftirfarandi málslíður í 10. tölul. fellur brott: „Nefndin fer með vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumál.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð á Hólmavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hólmavík:

Aðalbrautir:

Hólmavíkurvegur.

Hafnarbraut.

Biðskylda verði af:

Skeiði gagnvart Hólmavíkurvegi.
 Höfðatúni gagnvart Hafnarbraut/Hólmavíkurvegi.
 Austurtúni gagnvart Hafnarbraut.
 Austurtúni gagnvart Höfðatúni.
 Skólabraut gagnvart Hafnarbraut.
 Vitabraut gagnvart Skólabraut, beggja megin gatnamóta.
 Vitabraut gagnvart Hafnarbraut.
 Kópnesbraut gagnvart Hafnarbraut.
 Kópnesbraut gagnvart Bröttugötu.
 Brunngötu gagnvart Brekkugötu.
 Miðtúni gagnvart Höfðatúni.

Stöðvunarskylda verði af:

Brekkugötu gagnvart Hafnarbraut.

Bannað er að leggja bifreiðum á:

Vitabraut að neðanverðu.
 Borgarbraut að neðanverðu frá húsi nr. 4 og að ofanverðu fyrir framan hús nr. 1 og 3.
 Hafnarbraut frá Kópnesbraut að húsi nr. 31.
 Kópnesbraut frá gatnamótum við Hafnarbraut að húsi nr. 1.
 Fyrir framan Höfðagötu 3.
 Svæði frá Höfðagötu 14 að húsi nr. 18 við Hafnarbraut.

Bannað er að leggja vöruflutninga- og hóp bifreiðum svo og þungavinnuvélum á eftirtöldum stöðum:

Austurtúni	Vitabraut
Höfðatúni	Skólabraut
Miðtúni	Kópnesbraut
Víkurtúni	Borgarbraut
Lækjartúni	Brunngötu
Vesturtúni	Bröttugötu

Gangbrautir verði á:

Hafnarbraut við Höfðatún.
 Skólabraut við gatnamót Vitabrautar.
 Vitabraut beggja vegna gatnamóta við Skólabraut.

Hámarkshraði ökutækja í Hólmavíkarkauptúni:

50 km/klst. nema annað sé tilgreint í samþykkt þessari.

Sérstök takmörkun hámarkshraða í 30 km/klst. er á:

Austurtúni	Brekkugötu
Höfðatúni	Brunngötu
Miðtúni	Borgarbraut
Víkurtúni	Bröttugötu
Lækjartúni	Kópnesbraut
Vesturtúni	Höfðagötu
Vitabraut	Hafnarbraut frá hafnarvog að Höfðagötu.

Hraðahindrun:

Á Hólmavíkurvegi skammt vestan gatnamóta við Höfðatún.

Vélsleðar:

Akstur vélsleða innan þéttbýlis í Hólmavíkurkaupúni er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál á Hólmavík eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórnin á Hólmavík, 25. október 1999.

Bjarni Stefánsson.

SAMÞYKKT

fyrir búfjárhald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Í Bessastaðahreppi er búfjárhald heimilt, að fengu leyfi frá hreppsnefnd. Hreppsnefnd veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari telst hald dýra, sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 46/1991 með síðari breytingum, hvort sem þau eru haldin til búnytja, skemmtunar eða annarra nota.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Sumarheit sauðfjár úr Bessastaðahreppi skal vera í beitarhólfi í Krýsuvík, með sauðfé úr Garðabæ og Hafnarfirði samkvæmt samningi um beitarhólf í Krýsuvík á milli Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps. Sauðfjáreigendur skulu annast alla smölun og réttarhald í beitarhólfinu ásamt öðrum sem nota það í samræmi við ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Landnám Ingólfs nr. 401/1996.

2. gr.

Lausaganga hrossa, sauðfjár, nautgripa og annars búfjár er óheimil í Bessastaðahreppi án leyfis hreppsnefndar og í þeim hluta sameiginlegs afréttar Bessastaðahrepps og Garðabæjar sem er vestan vörslugirðinga og Kleifarvatns.

3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfénu skal fjarlægja.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur við meðferð búfjár, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Hreppsnefnd getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.